

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir kirkjubyggingarsjóð Ytri-Njarðvíkur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. mars 1981.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir kirkjubyggingarsjóð Ytri-Njarðvíkur.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Þórlaugu Magnúsdóttur í Höskuldarkoti í Ytri-Njarðvík, til minningar um látin börn hennar.

2. gr.

Starfsemi sjóðsins skal vera á þessa leið: Þegar höfuðstóll sjóðsins hefir vaxið það að hann nemur kr. 100 000.00 — eittundrað þúsund krónur — skal sjóðnum varið til kirkjubyggingar í Ytri-Njarðvík.

3. gr.

Sjóðurinn tekur á móti minningar- og dánargjöfum, einnig tekur hann á móti almennum gjöfum. Allar gjafir skal skrá í sérstaka gjafabók, þar skal skrá nafn þess er gjöfin er um, fjárupphæð og síðan nafn þess er gefur. Almennar gjafir skal skrásetja með nafni gefanda og fjárupphæð. Allar gjafir skal skrá með dagsetningu.

4. gr.

Sjóðurinn má gefa út minningarspjöld.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal falin 5 mönnum. Stjórn sóknarnefndar skipar 2, Kvenfélag Njarðvíkur skipar einn, Ungmennafélag Njarðvíkur annan, og hinn fimmti skal tilnefndur af hreppsnefnd Njarðvíkurbæjar og skal hann vera formaður sjóðsstjórnar. Hætti Njarðvíkurbær að vera til sem sjálfstætt sveitarfélag, skal sýslunefnd Gullbringusýslu tilnefna formann sjóðsstjórnar. Ef Ungmennafélag Njarðvíkur og Kvenfélag Njarðvíkur leggjast niður skal biskupinn yfir Íslandi tilnefna tvo menn búsetta í Ytri-Njarðvík í stjórn sjóðsins. Stjórnarmenn sjóðsins skal tilnefna til fjögurra ára í senn.

6. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í hinum almenna kirkjusjóði Íslands, en yfirumsjón með sjóðnum hafa forráðamenn kirkjunnar, eins og kirkjulöggjöfin mælir fyrir um.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal hafa bók, auk gjafabókarinnar, sem í er skráð hverjir eru í stjórn sjóðsins á hverjum tíma. Í bók þessa skal skrá ársreikninga sjóðsins og skulu þeir undirritaðir af öllum stjórnarmönnum.

8. gr.

Tilgangi sjóðsins má aldrei breyta. Sjóðurinn skal óvæfengjanlega ávallt vera eign byggðarlagsins í Ytri-Njarðvík.

9. gr.

Þegar tilgangi sjóðsins samkvæmt 2. gr. er náð, skal vera heimilt að sjóðurinn starfi áfram við kirkjuna í Ytri-Njarðvík. Starfsemi sjóðsins skal þá miða að því að fegra kirkjuna og þrýða utan sem innan.